

Nr. 331

27. mars 2013

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Gilsbakki, Rangárvöllum.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 1. febrúar 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Gilsbakka. Tillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, útihúsa/skemmu, bílskúrs og geymslu ásamt stækkun á núverandi frístundahúsi.

Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lunansholt I.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 1. febrúar 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Lunansholt I. Tillagan tekur til 0,5 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir byggingu sumarhúss, geymslu og gestahúss í landi Lunansholts I. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra.

Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lækjarsel úr landi Efra-Sels.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra, samþykkti þann 20. desember 2012, tillögu að deiliskipulagi fyrir Lækjarsel. Deiliskipulagið tekur til 4,6 ha svæðis úr landi Efra-Sels, og tekur til 4 frístundahúsaloða. Gert er ráð fyrir byggingu frístundahúss og gestahúss á hverri lóð. Deiliskipulagið er í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 skilgreint sem F29.

Málsmeðferð var samkvæmt ákvæðum 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 27. mars 2013.

F.h. Rangárþings ytra,

Haraldur Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2013